


## Afstöðumynd

1 : 500




## SNIÐ A-A

1 : 100

**BYGGINGARLÝSING OG GREINARGERÐ HÖNNUÐA**
**Hamrabrekkur 3, sumarbústaðaland í landi Miðdals við Nesjavallaveg, Mosfellsbær**

Sótt er um byggingu frístundahúss á tveimur hæðum á lóðinni. Húsið er að hluta til forsmíðað erlendis og frágengið á staðnum. ( Fyrri umsókn er felld úr gildi ).
Svefnpláss er fyrir 4 manneskjur.

| | |
|---|---|
| Landeignanúmer: | L124650 |
| Matshluti: | 01 |
| Staðfanganr.: | S1032603 |
| Staðgreinir: | 1604-1-34000030 |
| Fasteignanr.: | F2331100 |

**Helstu stærðir:**

| | Brúttó m² | Brúttó m³ |
|---|---|---|
| Botn: | | 18,7 m³ |
| 1. hæð: | 36,3 m² | 101,6 m³ |
| 2. hæð: | 93,7 m² | 419,2 m³ |
| Samtals: | 130,0m² | 539,5 m³ |

| | |
|---|---|
| Stærð lóðar: | 4203,0 m² |
| Nýtingarhlutfall | 0,05 |

Bílastæðabókhald: Bílastæði eru 3 bst. á lóð.
Bílastæði henta hreyfihömluðum.
Bílastæði eru kantlaust og í fleti við umhverfi.

***Burðarvirki:***
Sökklar og gólfplötur ásamt burðarveggjum utanhúss á 1. hæð eru steinsteypt. Ofan á sökkla kemur timburhús á tveimur hæðum. Einangrun undir botnplötu er 100mm plasteinangrun og 200mm steinull undir gólfplötu sem liggur að útilofti.
Útveggir verða úr 45mm x 145mm stoðum. Utan á stoðir klæðist 9mm krossviður.
Útveggir klæðast ýmist með koparlitu lóðréttu báruáli eða standandi litaðri timburklæðningu.
Að innanverðu er rakavarnarlag og 45mm rafmagnsgrind sem klæðist með 13mm trefjagifsplötum.
120mm steinull er í útveggjagrind og 50mm steinull í lagnagrind.
Útveggjaklæðning er loftuð um 20mm loftbil bak klæðningar.
Þak er timburþak klætt með 2-földum ásoðnum þakpappa með torfi ofan á. Minnsti halli þaks er 5°. Þak er einangrað með 220mm glerull.
Þak er loftað með loftunarraufum í útvegg um 50mm loftbil undir þakklæðningu, 1000 mm² loftun pr. m².þaks.
Stigi milli hæða er stálstigi.

**Utanhússfrágangur og litaval:**
**Útveggir:**
Útveggir eru klæddir ýmist loftræstum báruálklæðningum (koparlitur Novelis 274310) og standandi timburklæðningu í dökkum lit. Þakkantur skagar min 30sm út fyrir hús og er klæddur sléttri álklæðningu í gluggalit (RAL 7022). Dökk timburklæðning er undir þeim hluta gólfs efri hæðar sem liggur að útilofti.

**Þak:**
Timburþak í 5° halla. Úthagatorf er á þaki. Útkragandi þakkantar eru klæddir sléttum álplötum í lit RAL 7022. Þakniðurföll eru innbyggð í klæðningu útveggja.

**Gluggar og hurðir:**
Allir gluggar og hurðir eru ál/tré, málaðir hvítir að innan og dökk álklæðning utan (RAL 7022).
Allt gler er tvöfalt K-gler. Allt gólfsítt gler og gler sem er minna en 600mm frá gólfi skal vera öryggisgler og uppbygging aðlöguð aðstæðum (hert og / eða samlímt).
Gluggar skulu vera slagregnsprófaðir skv. gr. 8.2.6 í byggingarreglugerð.
Hindrunarlaus umferðarbreidd allra
útidyra skal vera minnst 0,83m og hæð minnst 2,07 og max hæðarmunur úti og inni 2,5cm.

**Hættuleg efni:**
Hættuleg efni skulu geymd í læstum skápum og hættulegum efni sem á að farga skal komið sorpstöð.

**Innanhússfrágangur:**
Klæðningar innanhúss eru a.m.k. í flokki 2.

**Innveggir:**
Innveggir eru úr timburstoðum sem klæðast með 13mm trefjagifsplötum beggja vegna.

**Hurðir:**
Innihurðir eru hefðbundnar timburhurðir. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra dyra innanhúss skal vera
minnst 0,80m og hæð minnst 2,00m. Þröskuldar skulu hvergi fara yfir 25mm.

**Gólfefni:**
Á gólfum er parket á öllum rýmum nema í votrými og anddyri sem eru flísalögð.

**Loft:**
Í loftum er loftadúkur (loft ekki niðurtekin).

**Stigar:**
Gönguhlutfall innistiga er uppstig 186,7mm, framstig 270mm og innskot 30mm. Enginn stigapallur ( hæð undir 3,3m ). Bil milli stiga og veggs er max.50mm. Op eru hvergi yfir 89mm. Handlisti í 90cm hæð nær 30cm fram fyrir þrepbrún að ofan og neðan. Hæð handriðs er 1,1m.

**Lagnir:**
Gólfniðurföll verða í öllum votrýmum, GN. á grunnmyndum. Inntök rafmagns eru í þvottahúsi og mælir utan á vegg.

**Frárennsli:**
Rotþró með tveggja þrepa hreinsun skv. reglugerð 798/1999. Stærð minnst 3000 lítrar og fjarlægð frá húsi minnst 10m.

**Neysluvatn:**
Neysluvatn kemur úr borholu á landareign. Tryggja skal að vatn fari ekki að töppunarstað með hærra hitastig en 60°C.

**Hitakerfi:**
Gólfhitakerfi er á húsunum. Gólfhitakista og varmaskiptir eru undir gólfi þvottahúss og einangruð að utan.

**Loftræsing:**
Öll rými eru náttúrulega loftræst um opnanleg fög þar sem því verður við komið.
Önnur rými verða vélrænt loftræst.
Vélræn loftræsing (LR.) er í eldhúsum, baðherbergjum og þvottaherbergjum (sbr. grunnmynd).

Eldstæði skal vera frágengið samkv. grein 9.6.5 og 9.6.6 í byggingareglugerð.

Setlaug skal vera frágengin samkv. grein 12.10.4 í byggingareglugerð.

**Brunavarnir:**
Eftirfarandi greinargerð brunavarna er frá Brunahönnun slf (mál nr. 24-108) í júlí 2024 fyrir Hamrabrekkur 3 í landi Miðdals, Mosfellsbæ. Til grundvallar lausnum brunavarna er byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 350/2013 með síðari breytingum, grein 9.2.2. liður a.

**Flokkun og notkun húss**
Húsið er í notkunarflokki 3 skv. byggingarreglugerð en um er að ræða sumarhús á tveimur hæðum, samtals um 130 m².

**Brunahólfun**
Sumarhúsið er eitt brunahólf.

**Burðarvirki**
Hæðaskil eru a.m.k. REI60.
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R60.
Brunamótstaða aðalburðarvirkis þaks er a.m.k. R60.

**Klæðningar**
Klæðningar eru skv. ÍST EN 13501-1.
Innanhúsklæðningar eru í flokki 1 (K10 B,s1-dO).
Loftadúkur er í flokki B,s1-dO.
Utanhúsklæðningar eru ýmist í flokki 1 eða 2 skv. grein 9.7.3 í byggingarreglugerð.
Vindvörn er a.m.k. í flokki D,s2-dO.
Klæðning undir svölum skal vera í flokki K10 B,s1-dO.
Þakklæðning er torf sem uppfyllir ekki að vera í flokki B(roof) (t2) en telst ásættanleg þar sem hún er ekki talin valda hættu á eldsúbreiðslu milli brunahólfa (eitt brunahólf).

**Flóttaleiðir**
Tvær óháðar flóttaleiðir eru frá aðalhæð, annars vegar beint út og hins vegar niður í gegnum stofu og út. Lengsta flóttaleið í eina átt er innan við 5 metrar frá endaherbergi og uppfyllir því vel viðmið sem koma fram í töflu 9.05 í byggingarreglugerð.
Frá aðalsvefnherbergi er auk þess flóttaleið út á svalir.
Flóttaleiðir uppfylla grein 9.7.3. í byggingareglugerð.

**Reykskynjarar**
Reykskynjarar eru í rýmum skv. teikningum. Ekki er krafa um að þessir reykskynjarar tengist stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis.

**Reyklosun**
Reykræsing er almennt um glugga og hurðir.

**Slökkvitæki**
Handslökkvitæki eru sett upp skv. teikningum við aðalinngang, t.d. 6 L léttvatn.

**Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn**
Aðkoma slökkviliðs er frá slökkvistöðinni í Mosfellsæ á Skarhólabraut sem er í um 10 km fjarlægð og því má áætla að viðbragðstími slökkviliðs sé um 10-15 mínútur.
Ekki eru brunahanar á svæðinu og vatnsveita er frá borholu á svæðinu. Reiknað er með að slökkvistarf fari fram með slökkvivatni frá tankbílum SHS sem telst ásættanlegt þar sem ekki er um ræða stærra hús.

**Algild hönnun:**
Vegna legu húss í landi er ekki aðgengi fyrir hreyfihamlaða að 1. hæð húss (neðri hæð) og stigi á milli hæða því með einn handlista. Efri hæð uppfyllir aðgengismál og er hönnuð í samræmi við kröfur sem gilda fyrir þá notkun sem byggingin er ætluð fyrir, í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 með síðari breytingum og leiðbeiningarblað HMS nr. 6.7.3.
Framan við útihurðir er frítt svæði min. 1,5m x 1,5m. Hæðarmunur við útihurðar er max 2,5cm. Hindrunarlaust athafnarými 1,5m að þvermáli er í einu svefnherbergi og hindrunarlaust aðgengi er að opnanlegum glugga í herberginu. Hindrunarlaus athafnarými 1,5m að þvermáli eru í alrýmum. Athafnarými 1,3x1,8m er á gangi. Hægt er að færa eyju í eldhúsi í tilfelli hreyfihamlaðra. Í þvottaherbergjum er hægt að fjarlægja innréttingar til að ná athafnarými 1,3x1,8m fyrir framan innréttingar.
Unnt er að snúa öllum hurðum innanhúss til að breyta opnunarátt í tilfelli hreyfihamlaðra. Hægt er að fjarlægja baðkar til að ná þrepalausu sturtusvæði og 90cm við hlið salernis. A.m.k. 20cm eru við hina hlið salernis. Gerð og frágangur veggja við sturtu- og salernissvæði skal vera þannig að hægt sé að koma fyrir nauðsynlegum stuðningsbúnaði.
Eitt bílastæði á lóð er 3m á breidd v. aðgengismála.
Kröfur um algilda hönnun á lóð á ekki við sbr. síðustu málsgrein í grein 7.1.2 í byggingarreglugerð og því er einungis handlisti á annarri hlið útitrappa.

**Öryggi mannvirkja:**
Bæði í byggingu og á lóð er hönnun hagað þannig að hætta á slysum sé í lágmarki.
Frágangur og umhirða skal ávallt vera þannig að ekki skapist óþarfa hætta á slysum.
Farið er eftir byggingarreglugerð 112/2012 við hönnun og breytingar á byggingunni.
Birta og lýsing umferðaleiða verður tryggð fyrir alla aldurshópa. Gengið er frá yfirborði allra gólfflata þannig að ekki myndist misfellur eða ójöfnur. Hæðarmunur utan- og innandyra ekki meiri en 25 mm. Öll gólf eru í sömu hæð lögð hefðbundnu gólfefni, parket og flísar (votrými) sbr. kafla 12.2. Gler í gólfsíðum gluggum og glerjuðum hurðum verði í samræmi við kröfur í kafla 12.4 Gler í byggingum og kafla 8.5. gr. 8.5.2 Gler. - þ.e. öryggisgler.
Læstur skápur er fyrir geymslu á lyfjum og öll hreinsiefni o.þ.h.verður staðsettur í þvottahúsi sbr.kafla 12.8
Tryggja skal að neysluvatn á töppunarstað fari ekki í hærra hitastig en 60°C.
Heitur pottur á lóð (verönd) verði frágengin í samræmi við kafla 12.10.4 sem og brunnlok ef við á.“

**Sorp:**
Engin sorphirða er á staðnum og sorphirða er á kostnað og ábyrgð eiganda.
Þó er gert ráð fyrir sorpskýli á lóð.

**Frágangur lóðar:**
Aðkoma að lóðinni er frá Hamrabrekkum. Öll aðkoma er með traustu yfirborði og bílastæði eru á þrjú á lóð. Gert er ráð fyrir rafbílahleðslu við eitt bílastæði.
Vegna legu lands er neðri hluti lóðar ekki aðgengilegur hjólastólum. Útitröppur á lóð eru í fleti við lóð með framstig 30cm og uppstig 15cm, breidd 130cm og handlisti öðrum megin í 90cm hæð. Lóð er þakin trjám og reynt verður að halda sem mest í þann gróður sem fyrir er á lóð.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Skráningartafla:** | Hamrabrekkur 3 | **Skrásetjari:** | Sóley Jónsdóttir |
| **Landeignanúmer:** | L124650 | **Kennitala:** | 061162-3809 |
| **Matshlutanúmer:** | 01 | Útgáfa: 5.03 **Dags.:** | 6/20/2024 |

| **Uppskipting og lýsing** | | | | | **Stærðir** | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| D0 | D1 | D2 | D3 | D4 | D5 | D5M | D6 | D7 | D8 | D9 | D10a | D10b | D11 | D12 | D13 | D14 | D15 |
| Lokun | Rými hæð-röð | Notkun texti | Höfuð-flokkun | Eignar-hald | Botnflötur m² | Milliflötur m² | Stigar m² | Op m² | Brúttóflötur m² | Brúttóflötur sh < 1,8 | Salarhæð min | Salarhæð max | Brúttó rúmmál m³ | Nettóflötur m² | Birt flatarmál m² | Reiknitala skiptarúmmáls | Skipta-rúmmál m³ |
| | | **Matshluti** | | | 155.0 | 0.0 | 0.0 | 25.0 | 130.0 | 0.0 | | | 539.5 | 103.4 | 130.0 | | 473.740 |
| | | **Botn** | | | | | | | | | | | 18.7 | | | | |
| | 01 | **1. hæð** | | | 36.3 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 36.3 | 0.0 | | | 101.6 | 29.4 | 36.3 | | |
| A | 0101 | **Frístundahús** | N | 0101 | 36.3 | | | | 36.3 | | 2.80 | 2.80 | 101.6 | 29.4 | 36.3 | 2.80 | 82.320 |
| B | 0102 | **Verönd** | S | 0101 | 78.6 | | | | 78.6 | | | | | | | 1.00 | 78.600 |
| C | 0103 | **Verönd** | S | 0101 | 47.2 | | | | 47.2 | | | | | | | 1.00 | 47.200 |
| | 02 | **2. hæð** | | | 118.7 | 0.0 | 0.0 | 25.0 | 93.7 | 0.0 | | | 419.2 | 74.0 | 93.7 | | |
| A | 0201 | **ístundahús (efri ha** | N | 0101 | 118.7 | | | 25.0 | 93.7 | | 3.06 | 4.11 | 419.2 | 74.0 | 93.7 | 3.53 | 261.220 |
| C | 0202 | **Svalir** | S | 0101 | 4.4 | | | | 4.4 | | | | | | | 1.00 | 4.400 |

**Athugasemdir**

| Skiptarúmmál | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Eignar-hald | Notkun texti | Birt flatarmál m² | Séreign m³ án sameignar | Séreign og sameign m³ |
| 0101 | **Frístundahús** | 130.0 | 473.740 | 473.740 |
| | **Alls** | **130.0** | 473.740 | **473.740** |

| | | **Botnplata** | | **Hjúpfletir** | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | Þar af: | | Þar af: | | |
| | Lóð m² | Botnplata m³ | Botnplata m² | Útveggir m² | Glugga- og dyraop m² | Þak m² | Þakgluggar og þakop m² | Efsti hæðarkóti | Ummál ofanjarðar |
| **Matshluti** | 4203.0 | 18.7 | 93.7 | 263.4 | 67.6 | 119.2 | 0.0 | 134.9 | 52.1 |

| **Yfirlit** | **D5 Botnflötur m²** | **D5M milliflötur m²** | **D7 op m²** | **D8 Brúttóflötur m² með V og F** | **D9 Brúttóflötur undir 1,8 m með V og F** | **D11 Brúttórúmmál m³** | **D12 Nettóflötur m²** | **D13 birt flatarmál m²** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A rými | 155.0 | | 25.0 | 130.0 | | 520.8 | 103.4 | 130.0 |
| Svalir A lokun | | | | | | | | |
| B rými | 78.6 | | | 78.6 | | | | |
| C rými | 51.6 | | | | | | | |
| Fylgirými (F) | | | | | | | | |
| Afgangsrými (V) | | | | | | | | |
| Botnplata | | | | | | 18.7 | | |
| Samtals: | **285.2** | **0.0** | **25.0** | **208.6** | **0.0** | **539.5** | **103.4** | **130.0** |

Flatarmál nýtingarhlutfalls er A rými + B rými, undanskilið er brúttóflatarmál rýma með salarhæð lægri en 1,8 m, samkvæmt skipulagsreglugerð 2013 (breyting var gerð 2016). Notkun rýma hefur ekki áhrif á útreikning nýtingarhlutfalls.

| | m² | Lóð m² | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Flatarmál til útreiknings nýtingarhlutfalls | **208.6** | **4,203.0** | **0.05** |

**Einangrun, heildarleiðnitap og heildarorkuþörf:**
**U-gildi einstakra byggingarhluta skulu uppfylla ÍST 66:**

| **Varmatap** | Ein.þykkt *(mm)* | U-gildi (max) *(W/m² K)* | U-gildi (raun) *(W/m² K)* |
|---|---|---|---|
| *1. Gluggar* | - | 2,00 | 1,50 |
| *2. Hurðir* | - | 3,00 | 2,00 |
| *3. Léttur útveggur viðar klæðning, ein. úti* | *165* | 0,30 | 0,28 |
| *3. Léttur útveggur báru klæðning, ein. úti* | *165* | 0,30 | 0,02 |
| *3. Steyptur útveggur báru klæðning, ein. úti* | *100* | 0,40 | 0,38 |
| *4. Þak* | *220* | 0,20 | 0,18 |
| *5. Steypt botnplata* | *100* | 0,23 | 0,01 |
| *5. Steypt gólfplata* | *200* | 0,30 | 0,23 |
| *Vegið meðaltal útveggja* | - | 0,85 | **0,51** |
| Heildarvarmatap með leiðr. *(W)* | | 9.056 | **7.866** |
| | | | *86,9%* |
| Heildarvarmatap á fm *(W/m² K)* | | | **1,08** |
| | | | *208,60 m²* |

0 10 20 30 40 50
M 1:500 m

Digitally signed by Gunnar H Kristjansson
DN: cn=Gunnar H Kristjansson gn=Gunnar H Kristjansson c=IS Iceland l=IS Iceland o=Brunahönnun slf e=brunahonnun@brunahonnun.com
Reason: I have reviewed this document
Location:
Date: 2024-07-22 14:12Z

BREYTT

HEITI VERKS:
# HAMRABREKKUR 3
## SUMARHÚS Í LANDI MIÐDALS

HEITI TEIKNINGAR:
AÐALUPPDRÆTTIR
AFSTÖÐUMYND/ SNIÐ/ BYGGINGARL.- SKRÁNINGART.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| DAGS.: | 2024.06.07 | HANNAÐ: | JL, KÁ | YFIRF.: | JL | TEIKNAÐ: | SJ |
| VERKNR.: | 1941 | KVARÐI: | 1:500, 1:100 | | | | |


ALARK arkitektar ehf.
JAKOB EMIL LÍNDAL ARKITEKT FAÍ KT: 050957-3229
KRISTJÁN ÁSGEIRSSON ARKITEKT FAÍ KT: 140956-4309
DALVEGI 18
201 KÓPAVOGI
SÍMI: 534 8800
FAX: 534 8818
KT.501193-2409
alark@alark.is
www.alark.is


A101




# GRUNNMYND 1. HÆÐ

1 : 100




# GRUNNMYND 2. HÆÐ

1 : 100

M 1:100 — 0 200 400 600 800 1000 cm

BREYTT

HEITI VERKS:

## HAMRABREKKUR 3

SUMARHÚS Í LANDI MIÐDALS

HEITI TEIKNINGAR:

AÐALUPPDRÆTTIR
GRUNNMYNDIR

DAGS.: 2024.06.07 | HANNAÐ: JL, KÁ | YFIRF.: JL | TEIKNAÐ: SJ

VERKNR.: 1941 | KVARÐI:

ALARK arkitektar ehf.
DALVEGI 18
201 KÓPAVOGI
JAKOB EMIL LÍNDAL ARKITEKT FAÍ KT: 050967-3229
KRISTJÁN ÁSGEIRSSON ARKITEKT FAÍ KT: 140956-4309
www.alark.is

A102

Útveggjaklæðning:

Báruál: litur Novelis 274310
Timburklæðning: dökkbæsuð

Þak:
Úthagatorf á þaki
Þakkantur: slétt ál- litur grár- RAL7022

Gluggar:
Ál/ tré gluggar- litur úti grár- RAL 7022




## ÚTLIT AUSTUR
1 : 100




## ÚTLIT NORÐUR
1 : 100




## ÚTLIT VESTUR
1 : 100




## ÚTLIT SUÐUR
1 : 100



## AÐKOMUHLIÐ



## GARÐHLIÐ

Digitally signed by Gunnar H Kristjansson
DN: cn=Gunnar H Kristjansson gn=Gunnar H Kristjansson c=IS Iceland l=IS Iceland o=Brunahönnun slf e=brunahonnun@brunahonnun.com
Reason: I have reviewed this document
Location:
Date: 2024-07-22 14:13Z

0 200 400 600 800 1000
M 1:100 cm

| | |
|---|---|
| BREYTT | |
| HEITI VERKS: HAMRABREKKUR 3 | |
| SUMARHÚS Í LANDI MIÐDALS | |
| HEITI TEIKNINGAR: AÐALUPPDRÆTTIR ÚTLIT | |
| DAGS.: 2024.06.07 | HANNAÐ: JL, KÁ — YFIRF.: JL — TEIKNAÐ: SJ |
| VERKNR.: 1941 | KVARÐI: 1:100 |


ALARK arkitektar ehf.
JAKOB EMIL LÍNDAL ARKITEKT FAÍ KT: 050957-3229
KRISTJÁN ÁSGEIRSSON ARKITEKT FAÍ KT: 140956-4309
DALVEGI 18
201 KÓPAVOGI
SÍMI: 534 8800
FAX: 534 8818
KT.501193-2409
alark@alark.is
www.alark.is


A103